

## Fyrirspurn

**til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku.**

Frá Kolbeini Óttarssyni Proppé.

1. Hvenær hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku eins og skylt er skv. 39 gr. a raforkulaga, nr. 65/2003?
2. Hver er afstaða ráðherra til þess að gerð yrði orkunýtingaráætlun eða mótuð orkunýtingarstefna þar sem fram kæmi áform um hve stórum hluta orkunnar skuli varið til orkuskipta í samgöngum, til heimila, til lítilla og meðalstórra notenda og til stórnotenda?